

FUNDARGERÐ

152. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Skrifstofa Mýrdalshrepps

Fundartími: Þriðjudagur 18. júní 2008 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðalmenn fræðslunefndar ásamt áheyrnarfulltrúum. Bergþóra Ástþórsdóttir boðar forföll og Karl Pálmason mætir í hennar stað.

Ritari fundarins: Inger Schiöth

Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnáði.

Gerðir fundarins:

I. Leikskólinn:

Á fundinn eru mættar Halla Ólafsdóttir fulltrúi starfsmanna og Victoria Jonsson fulltrúi foreldrafélagsins.

1. Bréf Aðalheiðar Sigþórsdóttur dags. 23. maí 2008.

Í bréfinu segir Aðalheiður Sigþórsdóttir upp starfi sínu sem leikskólastjóri frá 1. júní s.l. Fræðslunefnd þakkar Aðalheiði vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

2. Umsókn um stöðu leikskólastjóra.

Halla Ólafsdóttir fulltrúi starfsfólks leikskólans vísar af fundi.

Mýrdalshreppur auglýsti stöðu leikskólastjóra og barst ein umsókn frá Höllu Ólafsdóttur, sem starfað hefur sem staðgengill leikskólastjóra undanfarnar vikur.

Fræðslunefnd tekur jákvætt í umsóknina og mælir með því við sveitarstjórn að gengið verði frá ráðningu Höllu í starf leikskólastjóra.

3. Ársskýrsla Leikskólans 2007-2008.

Halla Ólafsdóttir leggur fram ársskýrslu Leikskólans-Suður-Víkur.

Lagt fram til kynningar.

4. Starfsmannamál.

Halla gerði grein fyrir starfsmannamálum á leikskólanum og er staðan mjög góð í dag.

5. Skóladagatal 2008-2009.

Skóladagstal 2008-9 er lagt fram. Gert er ráð fyrir að skipulagsdagar séu 4 og er gert ráð fyrir vorskóla 11. – 15. maí 2009. Sumarleyfi hefjast 29. júní og eru til og með 3. ágúst.

Fræðslunefnd samþykkir skóladagatalið.

6. Önnur mál.

Rætt um öryggismál á leikskólanum.

Björgvin lagði fram afrit af bréfi sveitarstjórnar til Atvinnuþróunarfélags Suðurlands dags. 9. maí 2008 vegna sameiningar skóla í Mýrdalshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar.

Halla kynnti fyrirhugað fagnámskeið starfsfólks leikskóla. Þrjú starfsmenn leikskólans hyggjast sækja námskeiðið. Útlit er fyrir að fresta þurfi námskeiðinu sem vera átti í haust til næsta árs.

Fræðslunefnd óskar eftir því við sveitarstjóra að hann beiti sér fyrir því að námskeiðið verði haldið á áætluðum tíma og boðið verði upp á fjarfundarbúnað.

II. Tónskólinn.

Á fundinn er mættur Kristinn J. Níelsson tónskólastjóri

1. Ársskýrsla Tónskólans 2007-2008.

Kristinn leggur fram ársskýrslu tónskólans.
Lögð fram til kynningar.

2. Skóladagatal 2008-2009.

Skóladagatal 2008-9 er lagt fram.

Á dagatalinu eru 7 starfsdagar og tónskólastjóri sækir haustþing kennara og aðalfund STS. Innritun í tónskólann hefst 26. ágúst n.k. Jólatónleikar eru áætlaðir 17. desember. Gert er ráð fyrir vortónleikum í apríl. Kristinn gerir ráð fyrir að flýta þurfi vortónleikum vegna prófanna nemenda. Einnig gerir Kristinn ráð fyrir foreldravíðtölum.

3. Starfsmannamál.

Viðbrögð við sameiginlegri auglýsingu hafa verið lítil og áætlað Kristinn að auglýsa stöðu tónskólakennara aftur í næstu viku.

4. Önnur mál.

Björgvin lagði fram afrit af bréfi sveitarstjórnar til Atvinnuþróunarfélags Suðurlands dags. 9. maí 2008 vegna sameiningar skóla í Mýrdalshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar

III. Grunnskólinn

Á fundinn er mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri.

1. Skóladagatal 2008-2009, breyting.

Gert er ráð fyrir breytingu vegna fyrirhugaðrar námsferðar kennara og starfsfólks í verkefninu "Uppeldi til ábyrgðar". Fyrir liggur að flýta þarf ferðinni sem farin verður 17. – 22. okt. 2008

Nemenda- foreldrafundur sem vera átti 20. október færast til 13. október og skipulagsdagar sem áætlaðir voru 10. og 11. nóvember verða færðir fram til 20. og 21. október.

Fræðslunefnd samþykkir breytingar á skóladagatali.

2. Sérkennsla 2008-2009, ósk um viðbótartímaúthlutun.

Skólastjóri upplýsir að m.v. óbreytta stöðu dagsins í dag verði sótt um 10-12 viðbótartíma til sérkennslu.

3. Starfsmannamál.

Skólastjóri upplýsir að sameiginlegar auglýsingar vegna stöðu 2ja kennara hafi ekki borið árangur, en auglýsingar eru enn í gangi. Fjóla Gísladóttir hefur tekið ákvörðun um að hætta störfum í mötuneyti GSM vegna aldurs.

4. Önnur mál.

Björgvin lagði fram afrit af bréfi sveitarstjórnar til Atvinnuþróunarfélags Suðurlands dags. 9. maí 2008 vegna sameiningar skóla í Mýrdalshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar.

Fulltrúar B-listans í fræðslunefnd leggja fram eftirfarandi bókun:

"Vegna bréfs til Atvinnuþróunarfélags Suðurlands sem lagt var fram til kynningar í lið I, II og III á fundinum.

Við lýsum furðu okkar á vinnubrögðum meirihluta hreppsnefndar í aðdraganda hugmynda meirihlutans um sameiningu skóla sveitarfélagsins.

Þegar ákvörðun um sameiningu skólanna var tekin á fundi sveitarstjórnar 1. apríl s.l. hefði að sjálfsgöðu átt að kynna stjórnendum og starfsfólki skólanna þessa ákvörðun og halda opinn kynningarfund fyrir foreldra og nemendur. Framtíð skólahlalds í sveitarfélaginu er ekki einkamál þriggja kjörinna fulltrúa meirihlutans. Farsæl skólafelna byggir á trausti og samráði allra þeirra sem hlut eiga að máli."

Formaður óskar eftir fundarhléi.

Fulltrúar D-lista í fræðslunefnd gera eftirfarandi bókun:

“Á fundi sveitarstjórnar 1. apríl sl. var samþykkt að skoða frekar hugmyndir um sameiningu skólanna undir stjórn eins skólastjóra. Ákvörðun um sameiningu hefur ekki verið tekin en Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands var falið að leiða vinnuna með aðstoð Skólaskrifstofu Suðurlands og Kennaraháskóla Íslands. Lögð var áhersla á samráð við fræðslunefnd, stjórnendur og starfsfólk leik-, grunn-, og tónskóla, foreldraráð og foreldrafélög.

Fulltrúar D-listans í fræðslunefnd lýsa yfir stuðningi við tillögu meirihluta sveitarstjórnar. Í skýrslu sem unnin var af ÞRÍ-ráðgjöfum fyrir Mýrdalshrepp um samrekstur grunn- leik- og tónskóla og gefin út í maí 2007 kemur fram sú tillaga að skólarnir verði sameinaðir með einum yfirstjórnanda. Skýrslan var kynnt fyrir fræðslunefnd, sveitarstjórn, stjórnendum og kennurum skólanna skömmu eftir að hún kom út. Skýrsluhöfundar gera það að tillögu sinni að skólarnir í Mýrdalshreppi verði sameinaðir og með því móti styrkist enn frekar það metnaðarfulla skólastarf sem fyrir er í Mýrdalshreppi, á sama tíma og rekstur skólanna verður hagkvæmari.

Alþingi hefur samþykkt ný lög um leik- og grunnskóla, þar sem sveitarfélögum er heimilt að reka saman grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra. Skal stjórnandi slíkrar stofnunar hafa leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi. Hinn samrekni skóli skal starfa að öðru leyti samkvæmt lögum um viðkomandi skólastig. Ákvæðið er einkum tilkomið vegna skólalahalds í dreifbýli.

Við gerð frumvarpanna hafa hagsmunir barna og ungmenna verið hafðir að leiðarljósi. Leitast er við að auka möguleika þeirra til menntunar og þroska og tryggja velferð þeirra og öryggi eins og framast er kostur. Enn fremur er að því stefnt að efla skólana svo að þeir geti komið til móts við þarfir og áhuga sérhvers nemanda og gert honum kleift að njóta hæfileika sinna til fulls.

Tillaga D-listans miðar fyrst og fremst að því að auka samvinnu á milli skólastiga og auka skilvirkni í öllu skólastarfinu.

Guðný Sigurðardóttir yfirgefur fundinn.

Skólastjóri lýsti ánægju sinni með árangur nággranna okkar á Hvolsvelli með að hafa hlotið íslensku menntaverðlaunin.

Kolbrún og Halla yfirgefa fundinn.

IV. Almenn

1. Skólastefna

Frestað til næsta fundar.

Victoria og Halla yfirgefa fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:40

Inger Schiöth	Björgvin Jóhannesson Formaður	Andrína G. Erlingsdóttir
		Karl Pálmason